

Alþingi
F.
kom



U S T

Alþingi - Umhverfisstofnun
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/971
komudagur 14.2.2007

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 12. febrúar 2007

Tilvísun: UST20070200022/tb


Efni: Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum

Vísað er í bréf frá Umhverfisstofnun Alþingis, dags. 1. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, þskj. 65-65. mál.

Umhverfisstofnun telur framlagða þingsályktunartillögu vera í samræmi við þau áform sem uppi eru um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Í frumvarpi til laga um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs er gildissvið laganna ekki ákveðið heldur skal það ákveðið í reglugerð um þjóðgarðinn en hana á eftir að vinna. Umhverfisstofnun telur að það geti verið kostur að friðlýsa landsvæði með sérlögum, í stað þess að friðlýsa skv. lögum um náttúruvernd, ef sérlög ganga lengra en lög um náttúruvernd. Sérlög um friðlýsingu Jökulsár á fjöllum þurfa að hafa ákveðið gildissvið og skýr verndarmarkmið og verndarviðmið. Með þeim hætti má síðan útfæra verndunina frekar í reglugerð sem á sér þá skýra lagastoð. Umhverfisstofnun styður eindregið það markmið að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum og setningu sérlaga að teknu tilliti til framangreindra forsenda.

Virðingarfyllt


Trausti Baldursson


Árni Bragason